



Ástjarnarkirkja
Kirkjuvöllum 1, 221 Hafnarfjörður
Geir Jónsson formaður sóknarnefndar
GSM:664 1640, geirj@ms.is

Hafnarfjarðarbær,
B.t. Haraldur Líndal Haraldsson bæjarstjóri
Strandgötu 6,
220 Hafnarfjörður
hlh@hafnarfjordur.is

	Hafnarfjarðarbær
Innsl.	4/2 2016
Málsnr:	1502365
Bréfsl.	21

Hafnarfirði 1. febrúar 2016

Efni: formlegt erindi í framhaldi af fundi okkar þann 28. janúar 2016

Ég vil byrja á að þakka góðan fundi okkar, þar sem málefni Ástjarnarsóknar voru til umræðu.

Á fundinum var rætt um yfirstandandi byggingarframkvæmdir við safnaðarheimili Ástjarnarkirkju. Fram kom að jarðvegsvinnu er lokið og verið er að steypa botnplötu, en verklok eru áformuð í lok árs 2016. Á fundinum var farið yfir rekstur og fjárhagsstöðu kirkjunnar í samhengi við yfirstandandi framkvæmdir. Framkvæmdakostnaður er 336 mkr og á sóknin um 100 mkr í sjóði. Í ársþyrjun 2016 staðfesti Jöfnunarsjóður Sókna 60 mkr framlag sem greiðist á yfirstandandi ári og væntingar standa til 40 mkr framlags til viðþótar á næstu árum. Þá er fyrirhuguð lántaka fyrir um 76 mkr.

Á fundinum var rætt um samantekt fyrri bæjarstjóra Hafnarfjarðar um framlög og stuðning til annarra sókna í bæjarféluginu. Út frá samantektinni er eðlilegt að álykta sem svo að stuðningur við Ástjarnarsókn ætti að nema um 60 mkr. Mikilvægt er að hafa í huga að samkvæmt stjórnsýslulögum nr. 37/1993 skulu stjórnvöld gæta jafnræðis eins og fram kemur í 11. gr. laganna. Þetta þýðir að Ástjarnarkirkja á lögbundinn rétt á því að fá sambærilegan stuðning frá Hafnarfirði og aðrar sóknir hafa fengið á liðnum árum.

Á fundi okkar var rætt um hlutverk og notagildi safnaðarheimilisins. Húsið er hannað með það í huga að geta nýst íbúum á Völlunum, ekki aðeins til helgihalds, heldur sem miðstöð menningar og viðburða s.s. námskeiða, ráðstefna og annarra mannamóta. Við hönnun hússins var mikil lagt upp úr hljóðvist hússins og fjölpætt notagildi. Sóknarnefnd Ástjarnarkirkju lýsir sig reiðubúna til samstarfs við bæjarfyrvöld um afnot hússins í samhengi við fírstuðning við byggingu hússins.

Það er ósk sóknarnefndar Ástjarnarsóknar að fulltrúar Hafnarfjarðarbæjar setji af stað vinnuhóp sem fari í að skoða með hvaða hætti fjárhagslegum stuðningi við byggingarframkvæmdina verði háttæd. Óskað er eftir því að málid verði tekið til umræðu á fundi bæjarráðs. Það er mikilvægt fyrir Ástjarnarsókn að fá fram fastmótaðar áætlunar um fírstuðning á komandi árum enda er það forsenda þess að hægt sé að stilla upp lánsfjármögnun sem tekur mið af sílum áætlunum.

Virðingafyllst fh. sóknarnefndar,
Geir Jónsson

Meðfylgjandi: Samanndregin rekstrarreikningur 2012-2017, yfirlit yfir fjármögnum framkvæmda

málunr. 1502365

211



Viðauki 1: samandregin rekstrarreikningur 2012 – 2017 án væntrar lántöku

<i>i millj. kr.</i>	Raun	Raun	Raun	Raun	Áætl	Áætl
	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Rekstrartekjur	26,1	28,6	30,7	32,4	37,2	39,1
2.1 - Almennt safnaðarstarf	13,6	13,3	15,4	15,3	16,7	16,7
2.2 - Rekstur eigna samtals	0,6	0,7	0,8	0,8	0,9	5,0
2.3 - Viðhald eigna samtals	0,7	0,1	0,1	0,2	0,5	0,5
2.4 - Annar rekstrarkostn.	6,1	7,5	8,7	7,3	8,8	11,4
2- Rekstragjöld samtals	21,1	21,6	25,0	23,6	26,9	33,5
EBITDA	5,0	7,1	5,7	8,9	10,3	5,7
Fjármagnsliðir	4,4	4,7	3,8	3,4	0,4	0,2
Hagnaður (tap)	9,4	11,8	9,5	12,2	10,7	5,9

Viðauki 2: yfirlit yfir fjármögnun framkvæmda

Áætluð heildarfjármögnun framkvæmda við safnaðarheimili Æstjarnarkirkju

Fjármögnun með lausafjárstöðu

Til í sjóði des 2015	100.000.000
Lausafé samtals	100.000.000

Önnur fjármögnun

Aðkoma jöfnunarsjóðs sókna 2016	60.000.000
Aðkoma jöfnunarsjóðs sókna (2017 og síðar)	40.000.000

Aðkoma Hafnarfjarðarbæjar (2017 og síðar)	60.000.000
---	------------

Lántaka	76.148.816
---------	------------

Fjármögnun samtals (framkvæmdakostnaður) 336.148.816